

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/898
komudagur 19.2.2007

12. febrúar 2007

Elísabet Rán Andrésdóttir, nefndarritari

Fyrir hönd Félags Íslenskra Félagsvísindamanna vill undirritaður benda á eftirfarandi:

Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins segir efnislega að óheimilt sé að ráða til starfa sem taka til og sinna börnum og unglíngum undir 18 ára, þá einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóm vegna brots á ákvæðum XXII. kafla almennra hgl. nr. 19/1940. Þá segir seinna í sömu málsgrein "sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðast liðnum fimm árum."

Rétt er að benda á að í 173. og 173 gr.a. í áðurgreindum almennum hgl. er tekið á enn stórfelldari fíkniefnabrotum heldur en í lögum um ávana og fíkniefni nr. 65/1974.

Refsiramminn fyrir brot gegn 173 gr. a er enda 10 ára fangelsi. Margir tugir fanga afplána refsingu á ári hverju fyrir brot gegn þessari lagagrein.

Það hlýtur því að teljast eðlilegt að bæta við 3. mgr. 10. gr.laganna að:
"sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn 173. og 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og lögum um ávana og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum."

f.h. stjórnar

Félags Íslenskra Félagsvísindamanna

Erlendur S. Baldursson
gjaldkeri